

Ed.

514. Nefndarálit

[197. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðalefni þessa frumvarps er að losa erlent fyrirtæki undan þeirri skyldu að greiða til íslenska ríkisins skatta, tolla eða önnur gjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, vegna starfsemi sinnar hér á landi. Ekki verður séð, að nein frambærileg rök hafi verið færð fram til að réttlæta þessa undanþágu, sem raunar ætti aldrei að þekkjast í viðskiptum okkar við erlend auðfélög.

Mikla norræna símafélagið er skuldbundið til þess samkvæmt samningi að sjá íslendingum fyrir nægum fjölda símalína til meginlands Evrópu fram til ársins 1985. Þegar nú blasir við, að núverandi fjarskiptasamband er að verða með öllu ófullnægjandi, eru einkum tveir kostir fyrir hendi:

Í fyrsta lagi, að Mikla norræna símafélagið leggi nýjan sæstreng austur um haf og reki hann fram til ársins 1985, en þá yfirtækju íslendingar þessi fjarskipti, hugsanlega með jarðstöð, sem þá yrði tekin í notkun.

Í öðru lagi, að Mikla norræna símafélagið byggji jarðstöð í samvinnu við íslendinga, eins og nú er fyrirhugað, en viðskipti fari fram með eðlilegum hætti án þess að félagið krefjist skattfrelsis eða annars óhæfilegs endurgjalds fyrir þjónustu sína.

Ef Mikla norræna símafélagið hafnar báðum þessum leiðum liggur beinast við að rifta samningnum, þar sem félagið stendur þá ekki við sinn hluta samningsins, og yfirtækju þá íslendingar fjarskiptin með þeim hætti, sem hagkvæmastur væri talinn. Hefði raunar verið eðlilegast, að fyrst af öllu hefði verið reynt að ná samningum við Mikla norræna um að leysa það með öllu út úr fyrri samningi með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

En því miður hafa aðrar leiðir verið lítt eða ekki kannaðar en sú sem ríkisstjórnin hefur valið, og hefur málinu verið forklúðrað á versta veg. Samninganefndin, sem samdi við Mikla norræna símafélagið, telur sig aðeins hafa haft fyrirmæli frá ríkisstjórninni um að semja við símafélagið um byggingu jarðstöðvar, að því er formaður samninganefndar, Gaukur Jörundsson prófessor, hefur tjáð fjárhags- og viðskiptanefnd. Bygging jarðstöðvar þegar í stað virðist því hafa verið sú ófrávikjanlega forsenda, sem ríkisstjórnin og samninganefndin fyrir hennar hönd gengu út frá.

Hins vegar verður alls ekki séð, að meiri nauðsyn sé á byggingu jarðstöðvar á Íslandi þegar í stað. Annar sæstrengur austur um haf mundi veita nægilegt öryggi í fjarskiptum fyrst um sinn. Sá kostur fylgir jarðstöð, að unnt er að fá sjónvarpsmyndir erlendis frá með skjótum hætti, en með núverandi skipan mála verður sjónvarpsefni að koma til Íslands með flugvélum. Þar sem útsending sjónvarps hér á landi fer einkum fram að kvöldi og myndefni er því langoftast a. m. k. nokkurra tíma gamalt, en daglegar flugsamgöngur eru við önnur lönd, getur þetta atriði þó ekki ráðið úrslitum. Hafa verður í huga, að notkun jarðstöðvarinnar er mjög dýr, og má reikna með samkvæmt upplýsingum póst- og símamálastjóra, að 10 mínútna dagleg notkun sjónvarpsins á jarðstöð alla daga ársins kosti um 70 millj. kr. og klukkutíma bein útsending frá öðru landi í eitt skipti mundi kosta um 1150 þús. kr., og er þá ótalin greiðsla fyrir sjálft myndefnið. En sending myndefnis með flugvél kostar hins vegar aðeins nokkur þúsund kr., og verður því bersýnilega um að ræða stórfelldan viðbótarskatt á notendur sjónvarps, ef jarðstöð verður notuð í þágu þess í ríkum mæli.

Auk þess er rétt að minna á, að bygging jarðstöðvar mun kosta rúmlega eitt þúsund milljónir króna. Ekkert liggur fyrir um, hvernig þess fjár verður aflað, nema hvað Mikla norræna leggur fram andvirði 10 millj. danskra króna, þ. e. 322

millj. kr. Afganginn verður ríkisstjórn Íslands að útvega, annaðhvort með auknum sköttum á landsmenn eða með erlendum lántökum, sem mörgum þykja þó þegar orðnar nógu miklar. Fari kostnaður við byggingu stöðvarinnar fram úr áætlun, sem engum mun koma á óvart, eykst framlag Íslendinga til greiðslu kostnaðar að sama skapi, þar sem framlag dana er þegar bundið við ákveðna krónutölu í danskri mynt.

En danirnir hafa ekki aðeins tryggt sér algert skattfrelsi af hluta sínum í byggingu og rekstri jarðstöðvar, heldur er þeim einnig heitið í þessum óvenjulega samningi, að árlegur nettóhagnaður þeirra af fjarskiptum milli Íslands og annarra Evrópulanda fari aldrei niður fyrir 2 millj. danskra króna fram til ársins 1991. Þannig er ákveðið í gr. 4.2.6 í samningnum, að núverandi fjarskiptataxta megi ekki lækka fram til 1985 nema félaginu séu tryggðar a. m. k. 2 036 860 danskar krónur í tekjur, þegar allur kostnaður félagsins af rekstri jarðstöðvarinnar hefur verið frá dreginn, og skv. gr. 4.2.5 ábyrgist íslenska ríkisstjórnin, að árlegar tekjur félagsins af jarðstöðinni á tímabilinu 1986 til ársloka 1991 fari að meðaltali ekki niður fyrir sömu upphæð, rúmar 2 millj. danskra kr., þegar öll útgjöld félagsins vegna rekstrar stöðvarinnar hafa verið dregin frá. Er því ljóst, að framlag Mikla norræna til byggingar jarðstöðvar, 10 millj. kr. danskar, er dýru verði keypt.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst, að samningur ríkisstjórnarinnar við Mikla norræna símafélagið er óhagstæður og ákvæði um skattfrelsi félagsins óviðunandi með öllu. Ríkisstjórninni ber því að ganga að nýju til samninga við símafélagið um málið í heild og kanna allar færar leiðir, m. a. frestun á byggingu jarðstöðvar til ársins 1985 eða riftun fyrri samninga við félagið vegna breyttra aðstæðna. Ég legg því til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 25. apríl, 1977.

Ragnar Arnalds.